



Skýrsla um innra mat



2025-2026

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um Brúarskóla	2
Innra mat í Brúarskóla	2
Niðurstöður innra mats	3
Áherslupættir menntastefnu	3
Ábyrgð og þátttaka nemenda	3
Velferð og líðan nemenda	4
Ráðgjöf við almenna grunnskóla – samstarf við nærskóla og BUGL	6
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	7
Skólaþróun og starfsþróun	8
Verkferlar (s.s. kælipásur, ró, aðlögun)	8
Samantekt	9
Áherslupættir menntastefnu	9
Ábyrgð og þátttaka nemenda	9
Velferð og líðan nemenda	10
Ráðgjöf við almenna grunnskóla – samstarf við nærskóla og BUGL	10
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	11
Skólaþróun og starfsþróun	11
Verkferlar (s.s. kælipásur, ró, aðlögun)	12
Umbótaáætlun 2025-2026	12
Heimildir	15
Gögn	15

Inngangur

Um Brúarskóla

Brúarskóli er annar af tveimur sérskólum í Reykjavík. Hann var stofnaður árið 2003 og er ætlaður fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan geðrænan, hegðunarlegan eða félagslegan vanda að etja. Skólinn starfar nú á fjórum stöðum í borginni. Í Vesturhlíð er pláss fyrir 24 nemendur hverju sinni, ásamt því að stoðþjónusta og ráðgjafarteymi skólans er staðsett þar. Í Grafarvogi er starfræktur þátttökubekkur, Brúarhús í Húsaskóla sem er ætlaður nemendum í 3.-7. bekk úr hverfum borgarinnar austan Elliðaár og pláss er fyrir 8-10 nemendur hverju sinni. Í Brúarskóla starfa um 40 manns.

Brúarskóli er tímabundið úrræði og markmiðið „að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði svo nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni í námi og skólastarfi og jafnframt er heimaskóli nemandans eflur til áframhaldandi starfs með honum.“ (Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir, 2012, bls. 28).

Stoðþjónusta Brúarskóla hefur tvíþætt hlutverk. Annars vegar að veita starfsmönnum almennra skóla ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu og hins vegar að vera starfsfólki Brúarskóla stuðningur í starfi og efla faglegt starf í skólanum. Í stoðþjónustunni starfar deildarstjóri stoðþjónustu, verkefnisstjóri faglegs starfs, kennsluráðgjafi, sálfræðingur, þroskaþjálfari og náms- og starfsráðgjafi.

Einkunnarorð Brúarskóla eru jákvæðni, virðing og ábyrgð og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Innra mat í Brúarskóla

Grunnskólum ber, skv. 35. og 36. greinum gildandi laga um grunnskóla, að gera innra mat á starfsemi skólans (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Markmið með matinu eru að upplýsa um starfsemi skólans og tryggja gæði og framþróun skólastarfsins.

Í Brúarskóla starfar matsteymi sem leitt er af stjórnendum skólans. Teymið vinnur samkvæmt áætlun um innra mat sem nánar er fjallað um í skólanámskrá.

Vegna sérstöðu skólans eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á sjálfsmatið og framsetningu niðurstaðna. Má þar helst nefna fæð nemenda og í hversu stuttan tíma þeir stunda nám við skólann. Ekki er unnt að birta nákvæmar niðurstöður varðandi nám nemenda og ekki er hægt að gera endurtekið mat á árangri í námi vegna þess hve stutt nemendur stoppa við. Að auki er foreldrasamstarf ekki með hefðbundnum hætti vegna stuttrar skólavistar nemenda.

Niðurstöður innra mats

Skólaárið 2025-2026 var áætlað að áhersla í innra mati yrði lögð á eftirfarandi þætti: Áhersluþættir menntastefnu, Ábyrgð og þátttaka nemenda, velferð og líðan nemenda, Ráðgjöf við almenna grunnskóla, Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað, Skólaþróun og starfsþróun

Áhersluþættir menntastefnu

Áhersluþættir menntastefnu eru viðmið gæðakennslustunda og innlit í kennslustundir. Ákveðið var meðal annars í samráði við faglegan ráðgjafa innra mats teyma í Reykjavíka að fresta mati á þessum þætti til að undirbúa og þróa meðal annars viðmið gæða kennslustunda í samvinnu við kennara Brúarskóla. Það kemur inn á eins og nefnt hefur verið að Brúarskóli er sérskóli og illa hægt að meta gæði kennslustunda með því að nota þau viðmið sem almennir grunnskólar hafa sett sér eða geta notað. Sú vegferð er hafin (að þróa viðmiðin) og verður haldið áfram á næsta skólaári (í haust).

Ábyrgð og þátttaka nemenda

Brúarskóli er fámennur og nemendur í litlum hópum sem gefur starfsmönnum skólans kjörið færi á að mynda góð tengsl við nemendur, kynnast þeim vel og læra að þekkja styrkleika þeirra. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda og efla skólafærni þeirra. Reglulega er könnun á líðan lögð fyrir nemendur. Venjulega í október og mat.

Niðurstöður sjálfsmats nemenda benda til þess að nemendur upplifi almennt að þeir taki virkan þátt í eigin námi og hegðunarþróun. Flestir nemendur telja sig geta náð árangri bæði í námi og hegðun í Brúarskóla, sem gefur til kynna trú á eigin getu og ábyrgð á eigin framförum. Í Vesturhlíð töldu átta af tíu nemendum að þeir gætu náð árangri með hegðun sinni og sex af tíu að þeir gætu náð árangri í námi. Í Brúarhúsum töldu allir nemendur sig geta náð árangri bæði í námi og hegðun.

Sjálfsmatið sýnir einnig að meirihluti nemenda telur sig hafa bætt hegðun sína frá því að þeir hófu nám í Brúarskóla. Í Vesturhlíð sögðust sex af tíu nemendum hafa bætt hegðun sína „ótrúlega mikið“ og tveir til viðbótar „smá“. Í Brúarhúsum töldu þrjár af fjórum nemendum að hegðun þeirra hefði batnað „ótrúlega mikið“ og einn „smá“. Þessar niðurstöður benda til þess að nemendur séu meðvitaðir um eigin framfarir og taki þátt í þeirri vinnu sem felst í að bæta hegðun og styrkja félagslega færni.

Þegar litið er til þátttöku nemenda í samtölum um nám sitt kemur fram að nokkur tækifæri eru til frekari eflingar. Í Vesturhlíð sögðust þrjár af tíu nemendum hafa rætt nám sitt við kennara sína en sjö voru óvissir um það. Í Brúarhúsum sögðust þrjár af fjórum nemendum hafa rætt nám sitt við kennara. Niðurstöðurnar gefa til kynna að mikilvægt sé að halda áfram að gera námsmarkmið og námsumræður sýnilegri fyrir nemendum svo þeir upplifi skýrar að þeir taki þátt í ákvörðunum um eigið nám.

Jákvæð merki um þátttöku birtast einnig í tengslum nemenda við kennara sína. Flestir nemendur sögðust hafa átt gæðastund með kennara og meirihluti þeirra hafði skoðað

svokallaða brú með kennara sínum. Slík vinna getur stutt við aukna sjálfsvitund, markmiðasetningu og ábyrgð nemenda á eigin námi og hegðun.

Í heild benda niðurstöðurnar til þess að nemendur upplifi sig sem virka þátttakendur í eigin þroska og námi, þó áfram sé svigrúm til að efla enn frekar samtöl um námsmarkmið, framfarir og ábyrgð nemenda á eigin námsferli.


Velferð og líðan nemenda

Í öllu skólastarfi er velferð og líðan nemenda mikilvægasti þátturinn. Við í Brúarskóla leggjum mikið upp úr því að nemendum okkar líði eins vel og kostur er á meðan þeir eru í skólanum. Nemendur sem koma í Brúarskóla hafa margir hverjir neikvæða upplifun af skóla og þeim getur reynst erfitt að koma í nýtt skólaumhverfi. Misjafnt er hvað nemendur dvelja lengi hjá okkur og hefur tíminn lengst á seinustu árum. Mikilvægt er að huga að líðan þeirra barna sem koma til okkar og markmið okkar er að byggja upp jákvæða upplifun af skólastarfi.

Brúarskóli er fámennur og nemendur í litlum hópum sem gefur starfsmönnum skólans kjörið færi á að mynda góð tengsl við nemendur, kynnast þeim vel og læra að þekkja styrkleika þeirra. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda og efla skólafærni þeirra. Reglulega er könnun á líðan lögð fyrir nemendur. Venjulega í október og maí. Í október 2025 svöruðu 15 nemendur könnuninni, en 14 nemendur í maí 2026. Nemendur svara könnuninni rafrænt og nafnlaust.

Niðurstöður úr sjálfsmati nemenda í desember 2025 og maí 2026 benda til þess að nemendum líði almennt vel bæði í skólanum og utan hans. Í október 2025 sögðust allir nemendur líða vel, ágætlega eða mjög vel í skólanum og hið sama átti við um líðan þeirra utan skóla.

Hvernig líður þér í skólanum ?
15 svör




Sambærilegar niðurstöður komu fram í maí 2026, bæði í Vesturhlíð og Brúarhúsum. Í Vesturhlíð sögðust níu af tíu nemendum líða vel, ágætlega eða mjög vel í skólanum og í Brúarhúsum lýstu allir nemendur jákvæðri líðan í skólanum.

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að flestir nemendur upplifa að þeir hafi aðgang að stuðningi þegar þeir þurfa á honum að halda. Meirihluti nemenda í öllum könnununum sagðist geta leitað til starfsmanns ef þeim líði illa og flestir upplifðu að þeir fengju þá hjálp sem þeir þyrftu. Í Vesturhlíð töldu sex af tíu nemendum að þeir fengju alltaf þá hjálp sem þeir þyrftu og fjórir sögðu að það ætti við stundum. Í Brúarhúsum töldu þrjú af fjórum nemendum að þeir fengju alltaf þá hjálp sem þeir þyrftu.

Mikilvægur þáttur í velferð nemenda er jákvætt samband við starfsfólk. Niðurstöðurnar benda til að slíkt samband sé almennt til staðar. Flestir nemendur sögðust tala við starfsmann á hverjum degi og meirihluti þeirra upplifði að fá hrós þegar þeir stæðu sig vel. Í Vesturhlíð sögðust níu af tíu nemendum fá hrós oftast eða alltaf og í Brúarhúsum töldu allir nemendur að þeir fengu hrós oftast eða alltaf. Þetta bendir til þess að sú markvissa vinna sem Brúarskóli starfar eftir að styrkja jákvæða hegðun og sjálfstraust nemenda með uppbyggilegri endurgjöf.


Færðu hrós frá starfsmönnum þegar þú stendur þig vel?

10 svör



Færðu hrós frá starfsmönnum þegar þú stendur þig vel?

4 svör



Þegar litið er til öryggis kemur fram að meirihluti nemenda upplifir sig öruggan í skólanum. Í desember 2025 sögðust þrettán af fimmtán nemendum vera öruggir í skólanum. Í maí 2026 sögðust þrír af fjórum nemendum í Brúarhúsum vera öruggir og í Vesturhlíð svöruðu fimm nemendur játandi, tveir neitandi en þrír svöruðu ekki spurningunni. Þrátt fyrir að niðurstöðurnar séu almennt jákvæðar benda þær til þess að mikilvægt sé að halda áfram að fylgjast með öryggisupplifun nemenda og tryggja að allir upplifi sig örugga í skólasamfélaginu.

Í heild sinni gefa niðurstöðurnar til kynna að nemendum í Brúarskóla líði almennt vel, að þeir upplifi stuðning frá starfsfólki og að sterk tengsl séu á milli nemenda og starfsmanna. Jafnframt benda niðurstöðurnar til þess að jákvæð samskipti, reglulegur stuðningur og uppbyggileg endurgjöf séu mikilvægir þættir í að stuðla að velferð, öryggi og jákvæðri skólaupplifun nemenda.


Ráðgjöf við almenna grunnskóla – samstarf við nærskóla og BUGL

Við Brúarskóla starfar teymi stoðþjónustu sem samanstendur af deildarstjóra stoðþjónustu, verkefnastjóra faglegs starfs, ráðgjafarþroskaþjálfra, náms- og starfsráðgjafa og sérkennara. Teymið hefur það hlutverk að veita starfsfólki Brúarskóla ráðgjöf og aðstoð í vinnu sinni með nemendum skólans, auk þess sem hluti þeirra (Deildarstjóri stoðþjónustu, ráðgjafarþroskaþjálfri, náms- og starfsráðgjafi og sérkennari), veita starfsfólki í almennum skólum fræðslu og ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfi.

Í innra mati skólaárið 2025-2026 var áætlað að skoða ráðgjöf stoðþjónustu til almennra grunnskóla. Skólaárið 2025-2026 fengu 21 skólar ráðgjöf og/eða fræðslu. Þeim skólum þar sem ráðgjöf var lokið og þeim sem höfðu fengið fræðslu á árunum 2024-2026 var send viðhorfskönnun til þess að meta árangur ráðgjafarinnar. Könnunin var send á þrjátíu og fimm skóla. Alls svöruðu 13 (37%) skólar könnuninni.

Hversu ánægð eða óánægð eruð þið á heildina litið með aðkomu Brúarskóla?

13 responses



Könnunin sneri að því hvernig starfsmenn upplifðu fræðslu um krefjandi hegðun og hvernig ráðgjöfin hefði nýst þeim í starfinu, hvað nýttist best og hvað hefði betur mátt fara. Í heildina voru almennir skólar ánægðir með ráðgjöf og fræðslu sem þeir fengu frá stoðþjónustu Brúarskóla.

Stoðþjónustan hefur að mestu leyti snúið að starfsemi í Vesturhlíð. Deildarstjórar í Brúarhúsum og á Dalbraut sinna að einhverju leyti sömu verkefnum á sínum starfstöðvum og verkefnastjóri faglegs starfs gerir í Vesturhlíð, og starfsfólk í Brúarhúsum og á Dalbraut hafa almennt ekki leitað til stoðþjónustunnar.

Verkefnastjóri faglegs starfs hefur unnið náið með kennurum í Vesturhlíð þegar kemur að aðlögun nemenda í heimaskóla. Að auki hefur hann fundað reglulega með kennurum og stuðningsfulltrúum, annars vegar á miðstigi og hins vegar á unglingsstigi og fylgt eftir ýmsum málum sem snúa að faglegu starfi. Fundir verkefnastjóra með starfsfólki miðstigs voru mjög tíðir á skólaárinu, stundum daglega. Stoðþjónustan tók mikinn þátt í starfi á miðstigi á skólaárinu bæði með stuðningi við starfsfólk og í beinni vinnu með nemendum. Einnig á unglingsstigi, þ.e. haldið utan um atvinnutengt nám og kynningar á framhaldsskólum, og verið

kennurum innan handar með ýmis verkefni ásamt aðlögun og verkefnum tengt útskrift nemenda.

Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Það er hverjum vinnustað mikilvægt að starfsfólki líði vel og sé ánægt í vinnu. Í Brúarskóla er áhersla lögð á að halda upp góðum starfsanda og byggja upp jákvætt og styðjandi samfélag meðal starfsmanna. Skólinn er starfræktur á tveim starfstöðvum í Reykjavík, og því kapp lagt á að stuðla að samkennd og samvinnu í starfsmannahópnum. Reglulega eru haldnir starfsmannafundir þar sem allir starfsmenn skólans koma saman auk þess sem haldið er sameiginlega upp á afmæli starfsmanna þrisvar sinnum yfir veturinn. Þá er starfsmannafélag starfandi í skólanum sem stendur reglulega fyrir skemmtilegum uppákomum til þess að efla liðsandann. Aðgengi starfsmanna að stjórnendum er gott og starfsmönnum boðið upp á starfsmannasamtöl reglulega. Nýir starfsmenn fá mentor úr hópi reyndari starfsmanna við upphaf starfs og áhersla lögð á að þeir fái góða kynningu og stuðning í nýju starfi.

Í október 2025 var viðhorfskönnun, Stofnun ársins, lögð fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar. Könnunin var nafnlaus og svarhlutfall var 57%. Niðurstöður voru kynntar fyrir starfsfólki á vormisseri.

Viðhorfskönnunin Stofnun ársins skiptist í níu þætti: stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi, ánægju og stolt og jafnrétti. Einkunnir eru gefnar á skalanum 1-5 þar sem 5 er hæsta og besta einkunnin.

Starfsánægja og líðan starfsfólks eru mikilvægir þættir í öflugu skólastarfi og hefur Brúarskóli áfram lagt áherslu á að efla jákvæðan starfsanda, gott samstarf og traust samskipti á milli starfsfólks og stjórnenda. Líkt og fram kom í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs benda niðurstöður til þess að margir af helstu styrkleikum skólans haldi sér, þrátt fyrir að heildareinkunn hafi lækkað nokkuð frá fyrra ári.

Í viðhorfskönnuninni Stofnun ársins 2025 fékk Brúarskóli 3,98 í heildarmat á kvarðanum 1–5. Hæstu einkunnir skólans komu fram í jafnrétti (4,33), sjálfstæði í starfi (4,25), stjórnun (4,21), sveigjanleika vinnu (4,15) og ímynd skólans (4,15). Niðurstöðurnar benda til þess að starfsfólk upplifi almennt traust, virðingu og stuðning í starfi og að það hafi svigrúm til að hafa áhrif á framkvæmd vinnunnar. Jafnframt telja starfsmenn að jafnréttis sé gætt á vinnustaðnum og að fjölbreytileiki sé metinn að verðleikum.

Sérstaklega vekur athygli að hæstu einkunnir einstakra spurninga tengjast aðgengi að næsta yfirmanni, virðingu í samskiptum og upplifun af jafnrétti. Starfsfólk telur sig geta leitað til stjórnenda þegar á þarf að halda og upplifir almennt stuðning og sanngirni af hálfu yfirmanna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrra árs þar sem stjórnun og starfsandi voru meðal sterkustu þátta skólans.

Þegar litið er til breytinga frá fyrri mælingum má sjá jákvæða þróun í þáttum sem tengjast öryggi á vinnustað, lýsingu, matar- og kaffiaðstöðu, skýrleika markmiða og samskiptum meðal

starfsfólks. Einnig virðist upplifun starfsmanna af virðingu og stuðningi frá næsta yfirmanni hafa styrkst. Þessar niðurstöður benda til þess að markviss vinna við að bæta starfsumhverfi og efla samskipti hafi skilað árangri.

Í heild sinni gefa niðurstöðurnar til kynna að Brúarskóli sé vinnustaður þar sem ríkir traust, jafnrétti og faglegt sjálfstæði. Þrátt fyrir að heildareinkunn sé lægri en í könnun fyrra árs eru margir af helstu styrkleikum skólans áfram til staðar. einkum varðandi vinnuaðstöðu og ákveðna þætti starfsumhverfisins, samhliða því að viðhalda þeim jákvæða starfsanda og sterku stjórnunarháttum sem einkenna skólann.

Skólaþróun og starfsþróun

Í ár var lagt upp með af hendi stjórnendum að hvetja kennara til að nýta sér gervigreind í kennslu, einkum og sér í lagi að nýta sér hana (gervigreindina) til að gera verkefni er tengjast áhugasviði nemenda. Kynning á gervigreind var á haustdögum og keyptur var aðgangur að *Viskubrunni* sem er heimasíða og gervigreindartól sem veitir kennurum öflug og skilvirk tæki til að búa sjálfkrafa til einstakt kennsluefni. Auk þess sem einhverjir höfðu keypt eigin aðgang að öðrum veitendum gervigreinda. Auk þess voru kennarar hvattir af stjórnendum til að nýta sér símenntun sem tengdist notkunar gervigreindar. Ekki var ráðist í könnun á notkun gervigreindarforritsins *Viskubrunni* en í starfsmannaviðtölum á vormánuðum kom í ljós að fáir voru að nýta sér það og því ákveðið að segja upp áskrift að því.

Verkferlar (s.s. kælipásur, ró, aðlögun)

Mikilvægt er fyrir skólastarf að reglulega sé rýnt í eigið starf og þar á meðal þá verkferla sem unnið er eftir. Á síðustu árum hafa velflestir verkferlar hjá Brúarskóla verið teknir til gagngerrar endurskoðunar. Hér á eftir fer yfirlit það sem var sérstaklega gert á yfirstandandi skólaári.

Ró

Verklag var áfram að mestu óbreytt tengt Ró herbergi. Nemendur fara í Ró ef þeir beita ofbeldi og ná jafnvægi og fara yfir atvik með bögglista.

Hver nemandi er með einstaklingsmiðað öryggisplan, hvernig þeir vilja að starfsmenn aðstoði þá við að ná ró, hvort þeir vilji frið eða hafa einhvern hjá sér.

Hlé

Tekin var ákvörðun um að sleppa því að fara með nemendur í hlé. Markmiðið er að nemendur nýti kælipásur til að ná jafnvægi með því að fara úr aðstæðum eða nýta önnur verkfæri sem hentar til þess að líða betur og geta tekið þátt í dagskipulagi og fylgt markmiðum í hvatningabók.

Stýrð kælipása

Ef nemandi er ekki í jafnvægi þannig að hann geti tekið þátt í dagskipulagi og fylgt markmiðum í hvatningabók er hann hvattur til að nýta kælipásur sem hver og einn hefur valið sér í gæðastund með kennara. Ef nemandi neitar að taka kælipásu og starfsfólk metur að þörf sé á, er nemandi sendur í stýrða kælipásu. Þá er nemandi ekki með tækifæri til að safna stjörnum í hvatningabók en starfsfólk aðstoðar nemanda við að komast í jafnvægi með þeim leiðum sem hann hefur valið og sagt að hjálpi sér til að ná stjórn á tilfinningum. Þá er farið úr aðstæðum eða aðrir nemendur fara úr aðstæðum svo nemandi fái svigrúm og tíma til að ná jafnvægi á líðan.

Samantekt

Skólinn hefur sterka sýn á að veita nemendum jákvæða upplifun af skólagöngu, sem er mikilvægur þáttur í þjálfun þeirra innan skólaumhverfisins. Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr innra mati í Brúarskóla skólaárið 2024-2025. Dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta fyrir hvern þátt.

Áherslupættir menntastefnu

Ákveðið var að færa þennan matsþátt á matsáætlun næsta skólaárs.

Ábyrgð og þátttaka nemenda

Styrkleikar

- Flestir nemendur telja sig geta náð árangri í námi og hegðun og upplifa að hegðun þeirra hafi batnað frá því þeir hófu nám í Brúarskóla.
- Nemendur upplifa góð tengsl við starfsfólk og eiga regluleg samskipti við kennara. Jafnframt hafa margir unnið með einstaklingsmiðuð markmið, meðal annars í gegnum „brúna“, sem styður við sjálfsmat, markmiðasetningu og virka þátttöku í eigin námi og þroska

Tækifæri til umbóta

- Efla samtöl um nám og námsmarkmið. Nokkuð stór hluti nemenda var óviss um hvort þeir hefðu rætt nám sitt við kennara. Þetta bendir til þess að gera þurfi námsmarkmið og námsumræður sýnilegri og markvissari.
- Auka rödd nemenda í ákvarðanatöku. Skapa mætti fleiri tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í að setja sér markmið, velja leiðir til náms og meta eigin framfarir.
- Efla sjálfsmat og ígrundun. Auka mætti regluleg sjálfsmatsverkefni þar sem nemendur ígrunda hvað gengur vel og hvað þeir vilja bæta.

Velferð og líðan nemenda

Styrkleikar

- Langflestum nemendum líður vel í skólanum og upplifa sig örugga.
- Sterk tengsl og stuðningur frá starfsfólki. Flestir nemendur telja sig geta leitað til starfsfólks ef þeim líður illa og upplifa stuðning, hrós og jákvæða endurgjöf. Þetta styrkir sjálfstraust og vellíðan nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Þó meirihluti nemenda upplifi sig öruggan eru alltaf nokkrir nemendur sem upplifa minna öryggi eða svara ekki slíkum spurningum. Því þó það sé bara einn nemandi er það einum nemanda of mikið
- Auka þátttöku nemenda í umræðu um eigin líðan til dæmis með því að styrkja gæðastundir kennara með nemendum.

Ráðgjöf við almenna grunnskóla – samstarf við nærskóla og BUGL

Styrkleikar

- Öflug og fjölbreytt stoðþjónusta er til staðar, skipuð sérfræðingum með ólíkan bakgrunn sem geta veitt bæði starfsfólki og nemendum víðtækan stuðning.
- Ráðgjöf og fræðsla til annarra grunnskóla nýtur almennt góðs orðspors, en niðurstöður könnunarinnar sýna að þeir skólar sem svöruðu voru ánægðir með þjónustuna.
- Náíð samstarf verkefnastjóra faglegs starfs og kennara í Vesturhlíð hefur skapað góðan stuðning við faglegt starf og úrlausn mála. Sérstaklega hafa reglulegir fundir á miðstigi stuðlað að skjótum og markvissum viðbrögðum.
- Mikil þátttaka stoðþjónustu í daglegu skólastarfi, bæði í stuðningi við starfsfólk og í beinni vinnu með nemendum.

Tækifæri til umbóta

- Lágt svarhlutfall í viðhorfskönnuninni (37%) gerir erfiðara að draga ályktanir um upplifun allra þeirra skóla sem fengið hafa ráðgjöf eða fræðslu. Skoða mætti leiðir til að auka þátttöku.
- Stoðþjónustan virðist að mestu bundin við Vesturhlíð, á meðan starfsfólk í Brúarhúsum og á Dalbraut leitar almennt lítið til hennar. Tækifæri felast í að efla sýnileika og aðgengi þjónustunnar á öllum starfsstöðvum.
- Skráning og greining á umfangi verkefna stoðþjónustunnar gæti verið markvissari til að meta hvar mest þörf er á stuðningi og hvernig best sé að forgangsraða verkefnum.

Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Styrkleikar

- Jafnrétti er áfram einn helsti styrkleiki skólans, en starfsfólk upplifir að komið sé fram við það af virðingu óháð aldri, kyni, uppruna, kynhneigð eða lífsskoðunum.
- Sjálfstæði í starfi er mikið, sem bendir til að starfsfólk treysti sér til að taka faglegar ákvarðanir og hafi áhrif á framkvæmd starfs síns.
- Stjórnun fær góða einkunn, sérstaklega hvað varðar aðgengi að stjórnendum, stuðning, sanngirni og virðingu í samskiptum. Virðing og stuðningur frá næsta yfirmanni fær einnig góða einkunn sem bendir til áframhaldandi styrkingar stjórnunarháttanna.
- Sveigjanleiki í starfi og ímynd skólans eru metin jákvæð, sem bendir til þess að starfsfólk upplifi skólann sem eftirsóknarverðan vinnustað.
- Samskipti og samstarf innan skólans eru sterk, og starfsfólk upplifir almennt traust og stuðning frá samstarfsfólki og yfirmönnum.
- Jákvæð þróun hefur orðið í nokkrum þáttum starfsumhverfisins, meðal annars varðandi öryggi, lýsingu, kaffi- og mataraðstöðu og skýrleika markmiða.

Tækifæri til umbóta

- Aðstaða og vinnuumhverfi mætti bæta enn frekar, þrátt fyrir jákvæða þróun í sumum þáttum, sérstaklega þar sem starfsmenn benda á atriði tengd vinnuaðstöðu og aðbúnaði.
- Starfsandi hefur lækkað lítillega frá fyrra ári, sem gefur tilefni til að halda áfram markvissri vinnu við að efla samkennd og samstarf milli starfsstöðva skólans.
- Heildarmat skólans hefur lækkað frá fyrri könnun, sem kallar á áframhaldandi greiningu á þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á ánægju starfsfólks.
- Fylgjast þarf með þróun ánægju og stolts af vinnustaðnum, til að tryggja að jákvæð þróun fyrri ára haldist og að starfsfólk upplifi áfram sterka tengingu við hlutverk og markmið skólans.

Skólaþróun og starfsþróun

Styrkleikar

- Kynning á gervigreind á haustdögum stuðlaði að aukinni vitund starfsfólks um möguleika tækninnar.
- Kennarar voru hvattir til að sækja símenntun tengda gervigreind sem getur styrkt stafræna hæfni þeirra til framtíðar.

Tækifæri til umbóta

- Markvissara innleiðingarferli það skorti skýra áætlun um hvernig innleiða ætti gervigreind í daglegt kennslustarf og fylgja henni eftir.
- Kerfisbundið mat á notkun: Ekki var framkvæmd formleg könnun eða gagnaöflun um notkun Viskubrunns yfir skólaárið, sem hefði getað veitt betri upplýsingar um notagildi og hindranir.

- Aukinn stuðningur við kennara: Kynning ein og sér virðist ekki hafa verið nægjanleg til að tryggja virka notkun. Hugsanlega hefði þurft meiri handleiðslu, verkleg námskeið eða jafningjafræðslu.
-

Verkferlar (s.s. kælipásur, ró, aðlögun)

Styrkleikar

- Verkferlar um ró, kælipásur og stýrðar kælipásur eru vel skilgreindir.
- Sérhver nemandi hefur einstaklingsmiðað öryggisplan þar sem tekið er mið af því hvernig hann kys að fá stuðning þegar hann þarf að ná ró.
- Verkferlar byggja á fyrirbyggjandi nálgun
- Regluleg endurskoðun verkferla er samofin skólasterfinu.

Tækifæri til umbóta

- Þótt nemandur komi að gerð öryggisáætlana og vali á kælipásum mætti auka þátttöku þeirra í mati á því hvað virkar vel og hvað mætti bæta. Það myndi tryggja eignarhald nemenda á eigin bjargráðum.
- Þó verkferlarnir séu skýrir gæti verið gagnlegt að meta reglulega hvort allir starfsmenn túlki og framkvæmi þá á sama hátt og hvort þörf sé á frekari fræðslu eða handleiðslu.

Umbótaáætlun 2025-2026

Umbótaþættir sem áætlað var að vinna sérstaklega með skólaárið 2025-2026 sneru að ábyrgð og þátttöku nemenda, velferð og líðan nemenda, ráðgjöf stoðþjónustu, starfsánægju og starfsumhverfi, skólaþróun og nýtingu gervigreindar ásamt áframhaldandi þróun verkferla og faglegs starfs.

Niðurstöður innra mats benda til þess að flestir nemandur telji sig geta náð árangri bæði í námi og hegðun og að þeir upplifi framfarir í eigin hegðun frá því þeir hófu nám í Brúarskóla. Nemandur virðast almennt upplifa sig sem virka þátttakendur í eigin þroska og námi. Hins vegar kom fram að nokkur hluti nemenda var óviss um hvort hann hefði rætt nám sitt og námsmarkmið við kennara sína.

Á næsta skólaári verður lögð sérstök áhersla á að gera námsmarkmið og námsumræður sýnilegri fyrir nemendum. Unnið verður að því að efla regluleg markmiðasamtöl, auka þátttöku nemenda í ákvörðunum um eigið nám og styrkja sjálfsmat og sjálfstraust nemenda.

Á síðasta skólaári var unnið með og sett í umbótaáætlun það markmið að nemendum líði vel í skólanum. Líðan og öryggi nemenda er í forgrunni í starfi skólans. Könnun á líðan nemenda í ár sýndi að nemendum líður almennt vel í skólanum og að sterk tengsl eru á milli nemenda og starfsfólks. Flestir nemendur upplifa stuðning, jákvæða endurgjöf og telja sig geta leitað til starfsmanna þegar á þarf að halda. Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður eru vísbendingar um að ekki upplifi allir nemendur sama öryggi í skólanum.

Áfram verður lögð rík áhersla á líðan og öryggi nemenda. Sérstaklega verður unnið að því að tryggja að allir nemendur upplifi öryggi og stuðning í skólasamfélaginu. Styrkja á gæðastundir kennara og nemenda enn frekar og skapa fleiri tækifæri fyrir nemendur til að ræða líðan sína, markmið og framfarir.

Þessi þáttur verður áfram í brennidepli næsta skólaár með það að markmiði að auka enn frekar vellíðan nemenda í skólanum. Styðja þarf við umsjónarkennara og leiðbeina þeim varðandi regluleg samtöl við nemendur í svokölluðum gæðastundum.

Niðurstöður sýna að almenn ánægja er með ráðgjöf og fræðslu stoðþjónustu Brúarskóla og að teymið gegnir mikilvægu hlutverki bæði innan skólans og gagnvart öðrum grunnskólum. Jafnframt kom fram að nýting stoðþjónustunnar er mismikil milli starfsstöðva og að svarhlutfall viðhorfskönnunar var fremur lágt.

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að efla aðgengi og sýnileika stoðþjónustunnar á öllum starfsstöðvum skólans. Unnið verður að markvissari skráningu verkefna og ráðgjafar til að auðvelda mat á umfangi og árangri þjónustunnar. Jafnframt verður leitað leiða til að auka þátttöku þeirra skóla sem fá ráðgjöf í mati á þjónustunni þannig að fá megi áreiðanlegri upplýsingar um árangur hennar.

Viðhorfskönnunin Stofnun ársins sýnir að starfsfólk upplifir almennt jafnrétti, traust, faglegt sjálfstæði og góða stjórnun. Jafnframt kom fram að heildarmat skólans hefur lækkað lítillega frá fyrra ári og að starfsandi hefur veikt að einhverju marki.

Á skólaárinu 2026–2027 verður áfram unnið markvisst að því að efla jákvæðan starfsanda, samkennd og samstarf milli starfsstöðva. Sérstök áhersla verður lögð á að viðhalda þeim styrkleikum sem koma fram í stjórnun, jafnrétti og stuðningi við starfsfólk. Einnig verður skoðað hvernig bæta megi vinnuáðstöðu og starfsumhverfi þar sem starfsfólk hefur bent á umbótatækifæri.

Innleiðing gervigreindar í kennslu náði ekki þeim árangri sem stefnt var að og nýting Viskubrunns reyndist takmörkuð. Niðurstöðurnar benda til þess að kynningar og aðgengi að tækninni ein og sér séu ekki nægjanleg forsenda fyrir virkri notkun.

Á næsta skólaári verður endurmetið hvernig best sé að styðja kennara við nýtingu gervigreindar í starfi. Áhersla verður lögð á hagnýta þjálfun, jafningjafræðslu og miðlun góðra dæma úr starfi kennara. Einnig verður unnið að því að greina betur hvaða tæknilausnir nýtast sérskólaumhverfi Brúarskóla best og meta reglulega notkun og ávinning þeirra.

Áfram verður unnið að þróun og endurskoðun verkferla sem tengjast ró, kælipásam, stýrðum kælipásam og aðlögun nemenda. Núverandi verklag byggir á einstaklingsmiðuðum stuðningi og hefur skapað skýra umgjörð utan um viðbrögð við krefjandi aðstæðum.

Haldið verður áfram þeirri vinnu sem hafin er við þróun viðmiða um gæði kennslustunda sem taka mið af sérstöðu Brúarskóla. Á skólaárinu 2026–2027 verða viðmiðin fullmótuð í samstarfi við kennara skólans svo það verði hluti af innra mat skólans á næsta skólaári.

Heimildir

Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir (ritstjórar). (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur. Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Gögn

Sjálfsmat nemenda Brúarskóla, rafræn könnun lögð fyrir nemendur Vesturhlíð og Brúarhúsum í október 2025 og maí 2026

Sjálfsmat ráðgjafasviðs. Könnun lögð fyrir í maí 2026 fyrir skóla sem höfðu þegið ráðgjöf frá Brúarskóla á skólaárinu.

Stofnun ársins. Lögð rafrænt fyrir starfsmenn í nóvember-desember 2025